

## Vitlaust gefið; bókun Hreyfingarinnar

lögð fram á fundi nefndar um endurskoðun laga nr. 162/2006, um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra þann 22. mars 2010.

Í 1. gr. laganna sem nefndin hefur til endurskoðunar er kveðið á um markmið þeirra:

„Tilgangur laga þessara er að kveða á um fjárframlög til stjórnmalasamtaka og stjórnmalastarfsemi, draga úr hættu á hagsmunaaerekstrum og tryggja gagnsæi í fjármálum. Markmið laganna er að auka traust á stjórnmalastarfsemi og efla lýðræðið.“

Hreyfingin hefur í störfum nefndarinnar viðrað ákveðin sjónarmið. Á grundvelli þeirra sjónarmiða hafa tillögur verið lagðar fyrir nefndina. Sjá fylgiskjal 1: „Endurskoðun laga um fjármál stjórnmalasamtaka og opinber framlög til þeirra“.

### Helstu áherslur Hreyfingarinnar eru:

- Dregið verði úr fjárförf stjórnmalasamtaka.
- Framlög lögaðila verði óheimil.
- Framlög einstaklinga verði hámarkuð við kr. 200.000,- og upplýsingaskylda verði á öllum framlögum sem eru hærri en kr. 20.000,-
- Jafnræðis milli stjórnmalasamtaka verði gætt við úthlutun opinberra framlaga:
  - Framlög miðist við kostnað vegna reksturs á skrifstofu og fundaraðstöðu af hóflegri stærð í hverju kjördæmi. Jafnframt dugi framlög til greiðslu launa fyrir eitt stöðugildi framkvæmdastjóra (á landsvísu) og hálfst stöðugildi í hverju kjördæmi fyrir sig.
  - Framlög til þingflokka frá Alþingi verði þau sömu fyrir alla flokka.
  - Hóflegt framlag að upphæð kr. 12.000.000,- til hvers stjórnmalaafls sem býður fram á landsvísu vegna reksturs framboðsins. Hlutfallslegt framlag til þeirra sem bjóða fram í færri kjördæmum.
- Að nefndin beiti sér fyrir því að sambærilegar reglur verði teknar upp á Íslandi og tíðkast víðast hvar í Evrópu um auglýsingar stjórnmalasamtaka, þar sem auglýsingar í ljósvakamiðlum eru ýmist bannaðar eða mjög takmarkaðar. Ísland er frávik í þeim efnum.
- Að nefndin beiti sér fyrir því að aðgengi framboða að ljósvakamiðlum í aðdraganda kosninga verði tryggt með skylduákvæði í lögum sem geri ráð fyrir endurgjaldslausum kynningum framboða með svipuðum hætti og “Party Political Broadcast” í Bretlandi.

Af ofangreindu fæst ekki annað ráðið en að tillögur Hreyfingarinnar séu í fullu samræmi við markmið laganna og stuðli að framgangi tilgangs þeirra. Fyrirliggjandi drög frumvarps til laga um breytingu á lögum 162/2006, dags. 16. mars 2010 taka þó ekki á nokkurn hátt tillit til þeirra tillagna sem Hreyfingin hefur lagt fram og er það miður. Á tímum þegar traust almennings á stjórnmalastarfsemi mælist í lágmarki í kjölfar samfélagshruns þar sem samkrull fyrirtækja, fjölmiðla og stjórnmalasamtaka hafði víðtæk áhrif eiga stjórnmalasamtök að axla ábyrgð og gera breytingar á því fyrirkomulagi sem illa hefur reynst. Því lýsir Hreyfingin yfir vonbrigðum með áform annarra stjórnmalasamtaka um áframhaldandi samráð um sjálfstöku úr almennasjóðum til eigin þarfa. Hreyfingin styður málið ekki í núverandi mynd.

Virðingarfyllt,  
f.h. Hreyfingarinnar  
Þórður Björn Sigurðsson